

Uppgjör Nýherja hf. á fyrri árshelmingi 2009

Helstu niðurstöður á fyrri árshelmingi 2009

- Heildarhagnaður á fyrri árshelmingi nam 90 mkr.
- Verulegur samdráttur í verkefnum í hugbúnaðarþróun og ráðgjöf á Íslandi
- Rekstur erlendra dótturfélaga að mestu samkvæmt áætlun
- Endurmat eignaliða hefur áhrif á heildarhagnað tímabilsins

Þórður Sverrisson, forstjóri:

„Afkoma Nýherja hf. er undir væntingum á fyrri árshelmingi ársins 2009 og samdráttur í eftirspurn á Íslandi meiri en áætlað var. Einkum hefur sala í hugbúnaðarþróun og ráðgjöf dregist verulega saman. Hins vegar er sala í ákveðnum vöruflokkum umfram áætlanir, svo sem í tæknibúnaði á neytendamarkaði og rekstrarvöru.

Rekstur erlendra dótturfélaga Nýherja hf. er að mestu samkvæmt áætlun. Þrátt fyrir almennan samdrátt í Danmörku og Svíþjóð er verkefnastaða Applicon félaganna þar ágæt og hafa þau endursamið við nokkra af sínum helstu viðskiptavinum auk þess að hafa aflað nýrra verkefna. Starfsemi félaganna er mikilvæg fyrir afkomu Nýherja hf. vegna efnahagsástands og gengisþróunar á Íslandi því tekjur þeirra eru um þriðjungur af heildartekjum samstæðunnar og vega því þyngra en oft áður.

Heildarhagnaður Nýherja hf. á fyrri helmingi ársins er um 90 mkr en endurmat eignaliða hefur veruleg áhrif á afkomu tímabilsins.“

Rekstrarniðurstaða á fyrri árshelmingi 2009

Fyrstu 6 mánuðir ársins – Lykiltölur		
Upphæðir í þús ISK		
	6 mánuðir 2009	6 mánuðir 2008
Seldar vörur og þjónusta	7.037.446	7.254.904
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	(2.973.927)	(3.227.448)
Vergur hagnaður	4.063.519	4.027.456
Laun og launatengd gjöld	(3.164.435)	(2.919.055)
Rekstrarkostnaður	(1.299.808)	(954.499)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	(392.796)	163.640
Hrein fjármagnsgjöld	(332.558)	(668.880)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	(725.354)	(505.240)
Tekjuskattur	(68.015)	72.920
Hagnaður (tap) tímabilsins	(793.369)	(432.320)
EBITDA	(116.730)	268.371
EBITDA hlutfall	(1,7%)	3,8%
Rekstrarliðir færðir á eigið fé	883.862	(134.560)
Heildarhagnaður	90.493	(297.760)
Meðalfjöldi stöðugilda	662	755

Sala á vöru og þjónustu nam 7.037 mkr fyrstu 6 mánuði ársins 2009, samanborið við 7.255 mkr á sama tímabili árið áður. Sala hefur því dregist saman um 3% á milli ára. Tekjur starfseminnar á Íslandi námu 4.775 mkr, en 2.262 mkr hjá erlendum dótturfélögum.

Laun og launatengd gjöld námu 3.164 mkr en voru 2.919 mkr fyrir sama tímabil árið áður. Vegna gengisbreytinga hafa laun erlendra starfsmanna hækkað um 48% í íslenskum krónum milli fyrri ársþelminga 2008 og 2009, eða um 444 mkr. Meðalfjöldi stöðugilda fyrstu 6 mánuði ársins 2009 var 662 en var 755 fyrir sama tímabil árið áður. Rekstrarkostnaður var um 1.300 mkr, en var 954 mkr yfir sama tímabil í fyrra. Rekstrartap fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta - EBITDA - nam 117 mkr á tímabilinu en EBITDA var jákvæð um 268 mkr árið áður.

Hrein fjármagnsgjöld voru 333 mkr í samanburði við 669 mkr á sama tímabili árið 2008. Tap tímabilsins var 793 mkr en tap fyrstu 6 mánuði ársins 2008 nam 432 mkr. Heildarhagnaður nam 90 mkr en heildartap á fyrri þelmingi ársins 2008 nam 298 mkr.

Efnahagsreikningur 30.06 2009– Lykiltölur		
Upphæðir í þús ISK		
	30.06 2009	31.12. 2008
Fastafjármunir	6.325.290	5.577.424
Veltufjármunir	3.847.956	4.375.010
Eignir samtals	10.173.246	9.952.434
Eigið fé	2.050.400	1.963.966
Langtímaskuldir	2.746.255	2.669.106
Skammtímaskuldir	5.376.591	5.319.362
Eigið fé og skuldir samtals	10.173.246	9.952.434

Heildareignir í lok tímabilsins voru 10.173 mkr samanborið við 9.952 mkr í lok ársins 2008. Langtímaskuldir hafa hækkað frá árslokum úr 2.669 mkr í 2.746 mkr. Skammtímaskuldir hafa hækkað frá árslokum úr 5.319 mkr í 5.377 mkr. Eigið fé í lok júní 2009 var 2.050 mkr og er eiginfjárhlutfall nú 20,2% en var 19,7% um síðustu áramót.

Í öðrum ársfjórðungi voru nokkrir eignarliðir í efnahagsreikningi samstæðunnar endurmetnir. Fasteignir og innréttingar í eigu félagsins eru nú bókfærðar á 1.717 mkr. Auk þess er viðskiptavild vegna eigna í dótturfélögum lækkuð um 180 mkr og skattainneign færð niður um 150 mkr, eða samtals um 330 mkr og skýrir það hækkingu afskrifta og auknið rekstrartap í ársfjórðunginum.

Rekstrarniðurstaða á öðrum ársfjórðungi 2009

Fjórðungsfirlit – Lykiltölur		Upphæðir í þús ISK			
	F2 2009	F1 2009	F4 2008	F3 2008	F2 2008
Seldar vörur og þjónusta	3.479.234	3.558.212	3.993.762	3.663.945	3.828.400
Vörunotkun og kostnaður við selda þjónustu	(1.457.235)	(1.516.692)	(1.779.720)	(1.813.029)	(1.67.180)
Vergur hagnaður	2.021.999	2.041.520	2.214.042	1.850.916	2.171.220
Laun og launatengd gjöld	(1.601.522)	(1.562.913)	(1.607.849)	(1.425.538)	(1.550.423)
Rekstrarkostnaður	(768.794)	(531.014)	(789.037)	(360.9623)	(566.946)
Rekstrarhagnaður - EBIT	(342.101)	(50.695)	(174.562)	69.652	63.589
Hrein fjármagnsgjöld	(256.739)	(75.819)	(421.875)	(389.414)	(155.031)
Tap tímabilsins fyrir tekjuskatt	(598.840)	(126.514)	(596.437)	(319.762)	(91.442)
Tekjuskattur	(84.431)	16.416	89.577	57.930	519
Hagnaður tímabilsins	(683.271)	(110.098)	(506.860)	(261.832)	(90.923)
EBITDA	(108.903)	(7.827)	(84.260)	124.956	123.080
EBITDA hlutfall	(3,13%)	(0,22%)	(2,1%)	3,4%	3,3%
Rekstrarliðir færðir á eigið fé	771.134	112.728	246.563	61.004	2.011
Heildarhagnaður	87.863	2.630	(260.297)	(200.828)	(88.912)
Meðalfjöldi stöðugilda	649	667	701	737	755

Sala á vöru og þjónustu nam 3.479 mkr á öðrum ársfjórðungi, samanborið við 3.828 mkr á sama tímabili árið 2008. Tekjur hafa dregist saman um 9% frá öðrum ársfjórðungi 2008.

Laun og launatengd gjöld námu 1.602 mkr en voru 1.550 mkr fyrir sama tímabil 2008. Heildarfjöldi stöðugilda í lok tímabilsins var 644 en var 755 fyrir sama tímabil í fyrra. Vegna gengisbreytinga hafa laun erlendra starfsmanna hækkað um 44% í íslenskum krónum milli annars ársfjórðungs 2008 og 2009, eða um 223 mkr.

Rekstrarkostnaður var 769 mkr á öðrum ársfjórðungi en var 567 mkr á sama tíma á árinu 2008. Rekstrartap fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta - EBITDA - nam 109 mkr á tímabilinu en EBITDA var jákvæð um 123 mkr á sama tímabili fyrir árið 2008.

Hrein fjármagnsgjöld voru 257 mkr í samanburði við 155 mkr á öðrum ársfjórðungi 2008. Heildarhagnaður í fjórðungnum nam 88 mkr en heildartap á öðrum ársfjórðungi í fyrra nam 89 mkr.

Yfirlit yfir rekstur

Sala á tölum og tækniþúnaði, hjá Nýherja hf. móðurfélagi samstæðunnar, er í meginatriðum í samræmi við áætlanir. Sala á rekstrarvörum er umfram væntingar, en hins vegar er minni eftirspurn eftir samskipta- og netþúnaði og skrifstofubúnaði.

Tekjur hjá Skyggni ehf., tækni- og rekstrarþjónustufyrirtæki samstæðunnar voru nokkuð undir áætlun. Það má meðal annars rekja til færri verkefna við uppsetningu á nýjum tækjabúnaði og frestun á þjónustuverkefnum hjá viðskiptavinum. Skyggirnir hefur á tímabilinu undirritað nokkra nýja sérfræði- og rekstrarþjónustusamninga sem tryggja viðskiptavinum hagræðingu í rekstri sinna upplýsingatæknikerfa. Fastar samningstekjur voru því í takt við áætlun og voru um þrjú fjórðu hlutar af heildartekjum félagsins.

Rekstur Sense ehf. var ágætur og afkoma yfir áætlun í lok ársfjórðungsins. Það má einkum rekja það til mikillar sölu á myndavélum og tækniþúnaði á neytendamarkaði. Hins vegar eru stærri verkefni í hljóð- og myndlausnum færri nú en áður, en verkefnastaðan framundan er viðunandi.

Hinn mikli samdráttur og stöðnun, sem orðinn er í íslensku atvinnulífi, hefur leitt til sérstaklega erfiðra skilyrða fyrir rekstur hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtækja. Margir viðskiptavinir hafa haft hug á að ráðast í ýmis verkefni en vegna óvissu í efnahagslífinu og takmarkaðs aðgangs að fjármagni er ákvörðunum slegið á frest, sem hefur leitt til verulegs samdráttar í verkefnum hugbúnaðarsérfræðinga og ráðgjafa.

Sá samdráttur hefur bitnað á rekstri TM Software ehf. og hefur útseldum tímum fækkað um tugi prósentu, sem leitt hefur til taps í rekstri. Til að mæta þessum samdrætti hefur stjórnendum og sérfræðingum TM Software tekist að afla frekari hugbúnaðarverkefna erlendis, sem nú eru yfir 20% af tekjum fyrirtækisins. Viðunandi afkoma var af starfsemi EMR ehf., dótturfélags TM Software ehf. á fyrri helmingi ársins, en EMR ehf. sérhæfir sig í heilbrigðistengdri upplýsingatækni. Verkefnastaða EMR er góð og starfsmönnum hefur fjölgað í kjölfar aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu fyrirtækisins.

Applicon ehf. var rekið með tapi á öðrum ársfjórðungi eins og TM Software ehf. vegna mikils samdráttar í verkefnum á Íslandi. Í ársfjórðungnum var ráðist í viðtækar breytingar á starfsemi Applicon ehf., sem meðal annars fólust í lækkun kostnaðar og aukinni áherslu á sölu verkefna erlendis. Íslenskir sérfræðingar frá Applicon ehf. eru nú starfandi í Hollandi, Bretlandi og á Norðurlöndunum og hafa tekjur af erlendri þjónustu vaxið stöðugt.

Rekstur Vigor ehf. dótturfélags Applicon ehf., er í jafnvægi en félagið annast rekstur og þjónustu á viðskiptahugbúnaði fyrir flest stærri orkufyrirtæki landsins.

Í kjölfar falls bankanna hefur fyrirtækjum á sviði rekstrarráðgjafar fjölgað og samkeppni því aukist, samhliða samdrætti í sérhæfðum verkefnum. Sú þróun hefur valdið tapi í rekstri ráðgjafarfyrirtækisins ParX ehf. en brugðist hefur við breyttum aðstæðum með lækkun rekstrarkostnaðar, sem áætlað er að skili betri afkomu á síðari árshelmingi.

Starfsemi Applicon A/S í Danmörku er samkvæmt áætlun, þó svo að aðstæður í dönsku efnahagslífi séu nú erfiðari en oft áður. Applicon A/S hefur gert nýja samninga til næstu missera við nokkra af sínum stærri viðskiptavinum eins og Dong Energy A/S, sem er leiðandi orkufyrirtæki í Danmörku. Verkefnastaða félagsins fyrir síðari árshelming er góð og horfur á ágætri afkomu eins og verið hefur undanfarin ár.

Rekstur Applicon í Svíþjóð var jákvæður í öðrum ársfjórðungi og í samræmi við áætlanir. Félagið hefur haldið áfram sinni uppbyggingu, meðal annars með gerð samnings við Álandsbanka, sem nýlega tók yfir rekstur Kaupþings þar í landi, um rekstur á SAP tölvukerfi bankans. Samhliða réði Applicon til sín sex af starfsmönnum tölvudeildar bankans. Þá vinnur Applicon náið með stærri bönkum í Svíþjóð, svo sem Nordea bankanum, Swedbank og Handelsbanken við innleiðingu og þjónustu á hugbúnaðarkerfum. Þrátt fyrir nokkurn samdrátt í sænsku efnahagslífi eru horfur fyrir Applicon ágætær.

Afkoma Dansupport A/S í Danmörku var neikvæð en samdráttur í verkefnum hefur gert dönskum upplýsingatækniyrirtækjum erfitt fyrir. Það hefur tekið lengri tíma en áætlað var að ná jafnvægi í rekstri Dansupport en vonast er til þess að það náist á síðari árshelmingi ársins 2009.

Rekstrarumhverfi

Nú um tíu mánuðum eftir efnahagshrun á Íslandi er áframhaldandi samdráttur á innanlandsmarkaði, og enn er mikil óvissa um hvenær og við hvaða aðstæður fyrirtæki munu ná viðspyrnu og að eðlilegra rekstrarumhverfi skapist. Sú mikla töf sem orðið hefur á endurfjármögnun bankanna og að koma þeim í eðlilegan rekstur, jafnframt því að ljúka samningum við nágrannabjóðir og erlenda kröfuhafa um stærri ágreiningsmál, veldur atvinnulífínu æ meira tjóni. Þessi staða tefur enn frekar fyrir því að atvinnurekstur og afkoma fyrirtækja færast í eðlilegra horf. Hjá Nýherja og fjölmörgum öðrum fyrirtækjum endurspeglast þessi vandi meðal annars í eftirfarandi:

- Skyndilegur og mikill samdráttur í verkefnum svo sem á sviði hugbúnaðarþróunar og ráðgjafar hefur valdið verkefnaskorti hjá sérfræðingum, sem vegna óvissunnar sér ekki enn fyrir endann á.
- Ef ekki næst vendipunktur brátt er hætt á að sú fjárfesting í nýsköpun og þróun sem ráðist hefur verið í á liðnum misserum á sviði hugbúnaðar og tækni rýrni og kunni að glatast hérlendis.
- Vel menntað og sérhæft starfsfólk er farið að flytjast til starfa erlendis og hafa um 3% starfsmanna Nýherjasamstæðunnar þegar flutt eða eru að flytjast til starfa hjá upplýsingatæknifélögum erlendis, þar á meðal til dótturfélaga Nýherja.
- Vegna óljósrar stöðu bankanna og veikrar eiginfjárstöðu eiga fyrirtæki í erfiðleikum með að fjármagna fjárfestingar til hagræðingar í rekstri sem tefur möguleika á bættri afkomu fyrirtækja.
- Í ýmsum atvinnugreinum svo sem upplýsingatækni hafa ríkisbankar og kröfuhafar tekið yfir rekstur fyrirtækja og haldið uppi harðri samkeppni gegn samkeppnisfyrirtækjum sem ekki lentu í þroti.
- Opinber fyrirtæki og stofnanir hafa skorið niður aðkeypta sérfræðiþjónustu á ýmsum sviðum og annast verkefni með eigin starfsmönnum og kemur því ekki til fækkunar þar, en fækkun starfsmanna kemur fram hjá einkafyrirtækjum.

Ísland á mörg sóknarfæri í verkefnum erlendis, svo og möguleika á að laða hingað til lands fjárfestingar erlendra aðila. Nú er mikilvægt að ljúka þeim meginmálum sem lúta að endurreisn bankanna og ná sáttum við nágrannalönd okkar, þannig að fyrirtækin geti náð viðspyrnu á ný og að viðsnúningur geti orðið í atvinnulífínu.

Horfur

Rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi verður erfitt áfram og einnig hefur orðið nokkur efnahagssamdráttur í Danmörku og Svíþjóð. Áframhaldandi óvissa er því um afkomu af innlendra starfsemi Nýherja en afkomuhorfur erlendra dótturfélaga eru viðunandi.

Fjárhagsdagatal fyrir 2009:

Áætluð birting árshlutauppgjors fyrir árið 2009.

Þriðji ársfjórðungur 23. október

Fjórdi ársfjórðungur 29. janúar

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutauppgjör fyrir annan ársfjórðung 2009 var samþykkt á stjórnarfundi Nýherja hf. 24. júlí 2009. Árshlutauppgjör Nýherja hf. er gert í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-International Financial Reporting Standards). Þýðingarmunur erlendra dótturfélaga er nú tilgreindur í yfirliti um heildarafkomu árshlutareiknings í samræmi við ákvæði alþjóðlega staðalsins.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir:

Þórður Sverrisson, forstjóri Nýherja, í síma +354 893 3630.

Nýherji hf.

Hlutverk Nýherja hf. er að skapa viðskiptavinum sínum virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Nýherji býður fyrsta flokks ráðgjöf og fagþjónustu á sviði upplýsingatækni og vandaðan tölvu-, skrifstofu- og hugbúnað ásamt traustri tækni- og rekstrarþjónustu. Félag Nýherja samstæðunnar í rekstri eru 20 bæði hér heima og erlendis og er heildarfjöldi stöðugilda 644. Hlutabréf Nýherja hf. eru skráð í OMX Kauphöll Íslands.

Stjórn Nýherja: Benedikt Jóhannesson, stjórnarformaður, Árni Vilhjálmsson og Guðmundur Jóh. Jónsson. Þórður Sverrisson er forstjóri Nýherja.